

49. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 212 19. desember 1960, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogskaupstað.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40. 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Á Sunnubraut verði einstefnuakstur frá Suðurvör til austurs.
2. Umferð um Nýbýlaveg, Álfhólsveg og Digranesveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð frá hliðargötum, þannig að umferð frá hliðargötum hafi biðskyldu sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Áfram gildir þó stöðvunarskylda samkvæmt 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga um umferð úr Vogatungu, inn á Digranesveg. Við mót Álfhólsvegar og Skeljabrekku skal umferð um Álfhólsveg hafa biðskyldu samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Skeljabrekku.

Þar sem Álfhólsvegur og Digranesvegur enda að austanverðu með tengingu við aðrar götur skulu gilda reglur 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 8. janúar 1973.

Sigurgeir Jónsson.